



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Rýmingarsvæðavinnuhópur Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands:

Ásdís Auðunsdóttir, Einar Sveinbjörnsson, Guðmundur Hafsteinsson, Gunnar Guðni Tómasson, Haraldur Eiríksson, Hörður Þórðarson*, Jón Gunnar Egilsson, Kristján Jónasson, Magnús Már Magnússon, Svanbjörg H. Haraldsdóttir, Tómas Jóhannesson*, Trausti Jónsson, Unnur Ólafsdóttir, Þorsteinn Sæmundsson*

Heimamenn: Gísli Ólafsson, Jónas Sigurðsson, Jónas Þór, Páll Jóhannesson, Þórólfur Halldórsson

Greinargerð um sjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Patreksfjörð

Inngangur

Samkvæmt breyttum lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá desember 1995 ber Veðurstofu Íslands að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu. Skal þá rýma húsnæði á reitum, sem tilgreindir eru í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi rýmingaráætlun. Veðurstofan hefur, í samráði við heimamenn, unnið sérstaka uppdrætti af þéttbýlisstöðum landsins þar sem talin er snjóflóðahætta og sýna uppdrættirnir reitaskiptingu rýmingaráætlana viðkomandi staða. Greinargerðin sem hér fer á eftir lýsir reitaskiptingu Patreksfjarðar og aðstæðum sem leitt geta til rýmingar á reitunum sem þar hafa verið skilgreindir.

Fjallendinu fyrir ofan byggðina á Patreksfirði hefur verið skipt í fjögur snjósöfnunarsvæði og eru þau grundvöllur lóðréttar svæðaskiptingar vegna rýmingar af völdum snjóflóðahættu. Mörk svæðanna eru valin þannig að upptök snjóflóðafarvega á hverju svæði horfi svipað við snjósöfnun og öðrum aðstæðum.

Hér á eftir er fyrst lýst landfræðilegum aðstæðum, en síðan er hverju svæði lýst fyrir sig. Getið er um fjölda þekktra snjóflóða og farvegum þeirra er lýst stuttlega. Gefin er umsögn um snjóflóðahættu og veðurlag sem veldur snjósöfnun í upptakasvæðum. Rýmingarsvæði í byggðinni neðan hvers snjósöfnunarsvæðis eru afmörkuð og eru þau sýnd á korti í mælikvarða 1:7500. Rýmingarsvæðum er nánar lýst í greinargerðinni VÍ-G96002-ÚR02.

Greinargerð þessi byggist á niðurstöðu fundar sem haldinn var á Patreksfirði þann 2. febrúar 1996. Fundinn sátu heimamenn, sem taldir eru upp á titilblaði hér að framan, og þeir úr vinnuhópnum, sem merktir eru með “*” á titilblaðinu.

Landfræðilegar aðstæður, byggð og örnefni

Kauptúnið Patreksfjörður stendur norðan við samnefndan fjörð, á sunnanverðum Vestfjörðum. Fjöllin norðan og ofan við kauptúnið ná u.þ.b. 400 til 500 m hæð yfir sjó. Kauptúnið byggist upp af tveimur þéttbýliskjörnum, Vatneyri og Geirseyri. Ofan við Vatneyrina og inn með kauptúninu er fjallið Brellur. Hlíð þess er brött og skriðurunnin, en þó sér á stöku stað í kletta. Klettarnir er mest áberandi yst í fjallinu, ofan hafnarinnar, og einnig í námunda við Stekkagil (Geirseyrargil) sem er innarlega í fjallinu. Þar sem kletta nýtur ekki við er fjallsbrúin ávöl.

Snjósöfnunaraðstæður og rýmingarsvæði

Vatneyrarsvæði

Margar heimildir eru um snjóflóð á þessu svæði. Allmörg hafa náð niður í núverandi byggð og sum niður á láglandi, þar sem nú er höfn. Flóð þessi hafa valdið eignatjóni en ekki manntjóni svo vitað sé.

Upptakasvæðið er í hömrum girtri skál ofarlega í hlíðinni.

Íbúðarbyggð nær alveg upp í hlíðina á allbreiðu svæði. Eyða er í byggðinni þar sem frá fornu fari hefur verið talinn aðalsnjóflóðafarvegur úr skálinni ofan eyrarinnar.

Mikil hætta er á snjóflóðum, stórum sem litlum.

Snjósöfnun á undan helstu skráðu flóðum hefur verðið samfara NA-SA áttum með mikilli ofankomu eða skafrenningi. Mjög stórt aðsópssvæði er ofan á fjallinu norðaustan bæjarins. Snjór getur safnast á aðsópssvæðið í mörgum vindáttum og nefna heimamenn sérstaklega vestanátt sem snjósöfnunarátt. Hætta á snjóflóðum er sérlega mikil ef snjór hefur safnast á aðsópssvæðið og síðan hvessir af NA-SA.

Gert er ráð fyrir 1., 2. og 3. stigs rýmingu á þessu svæði.

Klif

Mjög fáar heimildir eru um snjóflóð á svæðinu. Ummerki fundust um eitt lítið flóð í janúar 1995.

Brún hlíðarinnar er ávöl og lítið um gil og skorninga.

Byggð er meðfram aðalgötunni með ströndinni.

Snjóflóðahætta er talin lítil.

Snjósöfnun yrði helst í N-NA-átt ofan af brúninni eða í mikilli ofankomu í litlum vindi. Hlíðin er kúpt og skefur snjó úr henni í flestum veðrum.

Ekki er gert ráð fyrir rýmingu á 1. og 2. stigi á þessu svæði. Rýming á 3. stigi er hugsanleg, en ekki talin líkleg.

Stekkgil

Mannskætt krapaflóð varð úr gilinu árið 1983, smærri krapaflóð eru tíð.

Gilið er djúpt og breikkar svolítið efst. Aurkeila neðan gilsins getur veitt flóðum yfir allbreitt svæði.

Byggð neðan gilsins er allnokkur.

Hætta er á stórum krapaflóðum. Snjóflóð úr gilinu ofanverðu eru einnig hugsanleg.

Aftakarigning og leysingar hafa í főr með sér hættu á stórum krapaflóðum. Snjósöfnun í gilið á sér stað í NA-A-átt út með hlíðinni eða ofan frá í N-NA-áttum.

Gert er ráð fyrir rýmingu á 2. stigi á þessu svæði.

Sigtúnssvæði

Mjög fáar heimildir eru um snjóflóð á þessu svæði. Flóð féll niður undir efstu hús í janúar 1995.

Brún hlíðarinnar er ávöl og eru í henni tveir fremur grunnir skorningar.

Byggð er á allbreiðu beltinu neðan brekkunnar.

Snjóflóðahætta er talin lítil.

Snjósöfnun er helst í NV-N átt ofan af brúninni eða í mikilli ofankomu í litlum vindi. Í NA-átt skefur snjó úr hlíðinni í Stekkagil.

Gert er ráð fyrir rýmingu á 2. stigi á þessu svæði.

Snjóflóðaveður

Mesta snjóflóðahætta á Patreksfirði, að minnsta kosti á Vatneyrarsvæðinu virðist tengjast mikilli snjókomu og/eða skafrenningi í austlægum áttum, þ.e. vindstefnu frá 60° til 130°. Þetta á sér einkum stað á undan skilum sem fara norður yfir landið.

Þegar flóðin 1943, 1958 og 1981 féllu var snjódýptin í Kvígindisdal 22, 29 og 60 cm. 1943 var vindur af ANA, 45 hnútar, vægt frost og talsverð snjókoma í Kvígindisdal. 1958 var ANA-átt, 60 hnúta vindur og skafrenningur í Kvígindisdal en þá var skafrenningur mjög mikill á Patreksfirði. Ofankoma virðist ekki hafa verið teljandi. Flóðið 1981 féll að morgni 12. febrúar. Mikið snjóaði í hægri A-átt þann 11. Aðfaranótt þess 12. var NA-átt, um 40 hnútar í fjallahæð með mikilli snjókomu á norðanverðum Vestfjörðum en líklega skafrenningi sunnan til. Um morguninn þegar flóðið féll virðist sem vindur hafi verið minkandi af NA.

Stekkgilisflóðið 1983 féll eftir asahláku og mikla rigningu í um 16 klukkustundir. Þegar þessi hláka hófst var snjódýptin í Kvígindisdal 40 til 60 cm.

Að lokum skal bent á mikilvægi þess að afla gagna um veður í tengslum við snjóflóðin sem féllu 1906/7 og 1921.

Annað

Hætta er á hlaupum úr Litladalsá í leysingum. Fylgjast þarf vel með ánni eins og gert hefur verið undanfarin ár og ræsa fram stíflur þegar þörf krefur. E.t.v. þarf að grípa til staðbundinnar rýmingar þegar hætta er talin á hlaupi úr ánni í tengslum við úrhellisrigninu eða asahláku. Almannavarnanefnd ákveður umfang slíkrar rýmingar hverju sinni (sjá umföllun í greinargerð um rýmingarsvæði VÍ-G96002-ÚR02).

Fyrirvari

Gísli Ólafsson bæjarstjóri telur að rýmingarsvæði á stigi 1 og 2 á Vatneyri séu of stór og vill láta koma hér fram fyrirvara sinn varðandi afmörkun þessara svæða. Hann telur að rýmingarsvæði á stigi 1 eigi að ná 1 húsröð skemmra til austurs og vesturs. Hann telur jafnframt að rýmingarsvæði á stigi 2 eigi að taka til færri húsa að neðan og austan. Aðrir fundarmenn töldu hins vegar að eðlilegra væri að afmarka svæðin eins og sýnt er á rýmingarkortinu og var niðurstaða fundarins að rýmingarsvæðin yrðu þannig. Gísli sættist á þá niðurstöðu að öðru leyti en því að hér kemur fram þessi fyrirvari hans.